

Sæbýli ehf.
Búðarstíg 23
820 Eyrarbakki

Reykjavík, 31. janúar 2020

UST201904-160/H.E.

08.12.02

Reglubundið eftirlit, 13. 12. 2019, hjá Sæbýli ehf., Eyrarbakka.

Þann 13. desember sl. fór fram eftirlit í landeldi Sæbýlis ehf., Eyrarbakka. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Einni ábendingu var komið á framfæri varðandi hreinsun frárennslis og tvö frávik komu fram er varða:

1. h) liður 1.4 gr. í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar liggur ekki fyrir. **Rekstraraðili hefur nú sent Umhverfisstofnun neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar og telst frávikuð því lokið.**
2. g) liður 1.4 gr. í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennslislagnir og hreinsivirki skal vera aðgengilegt í stöðinni. **Slik afstöðumynd var ekki til staðar þegar eftirlitið fór fram. Rekstraraðili hefur nú sent Umhverfisstofnun staðfestingu á að úrbótum sé lokið og telst frávikið því lokað.**

Virðingarfyllst,


Halla Einarsdóttir


Hulda Soffia Jónasdóttir

Afrít: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| | | | |
|--------------------------|-----------------------------|----------------------|-----------------------------------|
| Nafn rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Brottfallinn starfsleyfisflokkur: |
| Sæbýli ehf. | 13. desember 2019 | Eyrarbakka | 4 |
| Kennitala rekstraraðila: | Gildistími starfsleyfis: | Kvittun afhent: | Gerð stöðvar: |
| 521007-0600 | 14. 04. 2011 – 14. 04. 2023 | Já - 13. des 2019 | Landeldi |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|--|----------------|-------------------------|------------|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | x | | | Starfsleyfi gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Framleiða nú um 1 tonn á ári og eru að þróa framleiðsluferilinn. |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar? | x | | | Stækkun stöðvar í vinnslu og stefna á að vera komnir upp í 70 tonn árið 2024. Eru að vinna að uppsetningu klakstöðvar (þar sem að lirfur klekjast út úr hrognum). |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | x | | | Skráningar til staðar í gæðahandbók. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. mars? | | | x | |
| Grænu bókhaldi og útstremnisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | x | |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, áætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | x | | | Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar ekki til staðar, sjá neðar. |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | x | |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | | | x | Ekki krafð í nágildandi starfsleyfi. |

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

| | | | | |
|-----------------------------|--|---|--|--|
| Er neyðaráætlun til staðar? | | x | | Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar ekki til staðar. Sniðmát neyðaráætlunar sent rekstraraðila í kjölfar eftirlits. |
|-----------------------------|--|---|--|--|

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|----------------|-------------------------|------------|--|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | | | x | Ekki krafa í starfsleyfisskilyrðum. Eru með gæðastefnu sem felur í sér umhverfismarkmið. |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki? | x | | | Handfóðrun og fóðurútreikningar. Fóðurstuðull 0,4 |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vrit? | | | x | Eru ekki með mælingar í viðtaka en vakta styrk efna í eldiskerjum. Mjög lítil framleiðsla. Losunarmörk ekki skilgreind í starfsleyfi. |
| Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar? | | | | |
| Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslí? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslí? | x | | | Ekki tilefni til athugasemda. |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslí, síun, settjörn, tromlur, oph. | | x | | Fer í fráveitu sveitarfélagsins. Hreinsun á inntaksvatni en ekki hreinsun í frárennslí. Yfirlitsmynd ekki til staðar. |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | x | | | Frárennslí fer í niðurföll og inn í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Verksmiðjan er staðsett nálægt hafnargarðinum. |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | | | x | |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | x | | | Úrgangsgámur. Möttökuaðili býður ekki upp á flokkunargáma. Aðallega byggingarefni fellur til vegna breytinga í verksmiðjunni. Lítill afföll á skeljum/dauðfiski. |

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

| | | | | |
|---|--|--|---|--|
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | | | x | |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | | | x | |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | x | |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar? | | | x | |

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Síðasta eftirlit var framkvæmt 2016 af Matvælastofnun skv. þjónustusamningi Umhverfisstofnunar.

Starfsleyfi gefið út af Heilbrigðisnefnd Suðurlands og vísað í starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi á landi.

Engin frávik og engar athugasemdir.

| | |
|-------------------|---|
| Samantekt: | Tilraunaeldi og lítil framleiðsla (um 1 tonn á ári). Eru að vinna að stækken verksmiðjunnar og stefna á að vera komnir upp í 70 tonn árið 2024. Unnið er að uppsetningu klaksstöðvar en klakið fer nú fram í Þorlákshöfn og lirfurnar fluttar þaðan í starfsstöðina á Eyrarbakka. Vel haldið utan um skráningar en þar sem að umfang er svo lítið hafa ekki verið gerðar mælingar á losun í viðtaka. Uppfæra þarf neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar í samræmi við leiðbeiningar. |
| Annað: | Starfsleyfið rennur út í apríl 2023. Rekstraraðila er bent að sækja tímanlega um endurnýjun starfsleyfis. |

Halla Ólafsson
Undirskrift eftirlitsmanns:

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sæbýli ehf. Búðarstíg, Eyrarbakka



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---------------------|--------------------|-------------------------|--------------------|
| Dags eftirlits | 13.12.2019 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Einarsdóttir |
| Fyrirtæki | Sæbýli ehf. | Eftirlitsmaður | Halla Einarsdóttir |
| Heimili | Búðarstíg 24 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 521007-0600 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ásgeir E. Guðnason | ÍSAT nr. | 03.22.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ingólfur Arnarson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í fiskeldi Sæbýlis ehf. á Eyrarbakka þar sem að framleidd eru sæeyru. Tvö frávik frá starfsleyfi komu fram í eftirlitinu og einni ábendingu var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftifarandi:

1. Skráningar skv. grein 1.4. í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
3. Viðbragðsáætlunar vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda
4. Tilkynningar vegna mengunaróhappa
5. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
6. Skoðunarferð

Byrjað var á skoðunarferð um verksmiðjuna þar sem að farið var yfir framleiðsluferilinn.

Fyrirtækið hefur sett upp gæðahandbók þar sem að haldið er utan um verkferla, verkaskiptingu og skráningar. Unnið er að verklýsingu starfa og áhættugreiningu verkþátta.

Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slikt kerfisbundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðilia í eftirlitinu. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka heildraéna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíou Umhverfisstofnunar.

Viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar hafs og stranda voru yfirfarnar í maí 2019. Leiðbeiningar um tilkynningu mengunaróhappa til Umhverfisstofnunar voru afhentar til rekstraraðila í eftirlitinu. Ekki er gerð krafa um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda í nágildandi starfsleyfi.

Auk þess var farið yfir atriði sem fram koma á meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

h) lið greinar 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar liggur ekki fyrir. fiskeldi á landi

g) liður greinar 1.4 í starfsleyfisskilyrðum um fiskeldi á landi Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennslislagnir og hreinsivirkir skal vera aðgengilegt í stöðinni. Slík afstöðumynd var ekki til staðar þegar eftirlitið fór fram.

ÁBENDINGAR

Í starsfleyfisskilyrðum er gerð krafra um forhareinsun (1. stigs hreinsun) frá vinnslunni áður en það berst í viðtaka. Slík hreinsun er ekki til staðar í eldinu en hreinsun er gerð á vatninu áður en það er leitt inn á kerin og unnið að umbótaverkefnum til að halda fóðurnýtingu í hámarki.

ANNAÐ

Núgildandi starfsleyfi rennur út í apríl 2023 og er rekstraraðila bent á að sækja tímanlega um endurnýjun starfsleyfisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 31.01.2020

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

bls. 4